

Ed.

312. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. marz.)

1. gr.

1. málsgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt b-lið 23. gr. greiða allir, sem lögheimili eiga í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna eða fæðingarstyrks, tvo mánuði eða lengur, eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu, ef þeir hafa ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsgr. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, og eigi skal iðgjald vera hærra en nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Aldrei skal þó leggja iðgjald á þann, sem hefur ekki haft aðrar tekjur en bætur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

2. málsgr. 72. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 26. gr., ef hann hefur ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsgr. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, á næsta ári á undan, og eigi má krefja iðgjaldsgreiðanda um hærri hluta iðgjalds en svo, að nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

3. gr.

84. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á grunnkaup-taxta verkamanna við almenna fiskvinnu, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að ákveða, að greidd skuli 5% uppbót á elli- og örorkulífeyri á tímabilinu frá 1. júlí 1964 til gildistöku laga þessara.

Uppbót þessi skal greidd með bótagreiðslum fyrir júlímánuð 1965.